



Samtök dragnótamanna
Fiskislóð 83
101 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 7. mars 2011
Tilv.: SLR10090114/0.5.1

Efni: Svar við bréfi dags. 4. febrúar 2011

Ráðuneytið vísar til bréfs Samtaka dragnótamanna dagsett 4. febrúar en í því koma fram spurningar sem leitast verður við að svara í þeirri sömu númeraröð og fram kemur í því bréfi .

1. Þegar að starfshópur um verndun grunnslóðar í Skagafirði var skipaður var óskað tilnefninga þriggja stofnana á fulltrúum í starfshópinn. Líkt og áður hefur komið fram gerði ráðuneytið engar athugasemdir við þær tilnefningarnar . Í vinnuhópa af því taginu sem hér um ræðir eru oft skipaðir fulltrúar gagnstæðra sjónarmiða og engin sérstök krafa um hlutleysi af þeim sökum sett fram. Hvort ráðherra hafi haft vitneskju um persónulegar skoðanir einstakra manna sem tilnefndir voru í vinnuhópinn skiptir því engu máli af þessum ástæðum .

2. Ekki hefur verið fullyrt að dragnótin valdi allstaðar skaða, t.d. á hafsbótlinum, en það hefur ekki heldur verið afsannað. Dragnót er orðin mjög kröftugt veiðarfæri og fer yfir stórt svæði í hverju kasti. Þekkt er að veiði í einum firði er oft aðeins góð í stuttan tíma í senn og síðan þarf fjörðurinn hvíld svo aftur megi fá veiði t.d. viku síðar. Það eru einmitt þessi miklu afköst eða tímabundna uppþurrkun sem hefur m.a. fengið menn til að staldra við. Í skýrslu norska starfshópsins um þorsk á grunnslóð (kysttorskgruppen), en í honum sitja hagsmunaaðilar, frá 2009 kemur eftirfarandi fram: „Hið almenna bann við notkun dragnótar innan fjarðarlína byggist á þeim rökum að um sé að ræða öflugt veiðarfæri sem fyrst og fremst eigi að nota á stóra óstaðbundna stofna, og vegna áhyggja um að erfitt geti reynst að stunda sjálfbærar veiðar með dragnót á staðbundnum stofnum á grunnslóð. Við þetta má svo bæta að veiði annarra skipa, t.d. með línu, fer oft illa saman við dragnótaveiðar á sama svæði .

3. Í stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnarinnar kemur skýrt fram að auka skuli vernd grunnslóðar við Íslandsstrendur. Með þeirri yfirlýsingu var augljóst að breytingar yrðu gerðar .

4. Ráðuneytið hefur nokkrum sinnum lýst hvernig að setningu reglugerða þeirrar sem hér um ræðir var staðið og verður það ekki endurtekið hér. Jafnframt að það hafi unnið með aðilum að breytingum sem síðan hafi orðið að raunveruleika. Samtök dragnótamanna hafa kosið að margendurtaka ásakanir sínar um þau vinnubrögð sem viðhöfð voru. Ráðuneytið hefur að sama skapi með rökstuðningi endurtekið hafnað ásökunum Samtaka dragnótamanna. Sú afstaða ráðuneytisins stendur og við hana er engu að bæta .

Fyrir hönd ráðherra